Fimmtugsafmæli Kristínar Johansen




Kristín Johansen ásamt eiginmanni og börnum. Sitjandi hjá henni eru Kristín og Agnes. Standandi frá vinstri eru Berglind, Svava, Rolf, Ásgeir og Thulin.

Síðastliðinn föstudag varð Kristín Ásgeirsdóttir Johansen fimmtug. Kristín er eiginkona Rolfs Johansens stórkaupmanns. Hún hélt upp á afmælið á heimili þeirra hjóna að Laugarásvegi 46. Heimsótti Kristínu fjöldi fólks, ættingjar og vinir þeirra hjóna.



Davíð Oddsson borgarstjóri var einn af fjölmörgum gestum sem heimsóttu Kristínu, hjá þeim stendur Þórður Björnsson, fyrrverandi saksóknari ríkisins.

DV-myndir GVA



Þessar litlu telpur, sem eru með Kristínu Johansen, eru barnabörn hennar, Tanja Marín og Una Friðjónsdætur.



Meðal gesta við opnun sýningar Tolla voru Bubbi Morthens (bróðir Tolla) og Einar Örn Benediktsson úr Sykurmolunum. Á milli þeirra er Alfreð Guðmundsson.




Myndlistarmaðurinn Tolli sést hér á tali við Einar Guðjohnsen.

DV-myndir KAE

Mikið um að vera á Kjarvalsstöðum

Um helgina voru opnaðar hvorki meira né minna en þrjár myndlistarsýningar á Kjarvalsstöðum. Þorlákur Kristinsson, betur þekktur undir listamannsnafninu Tolli, opnaði sýningu á olíumálverkum eftir sig. Í Vesturforsal sýnir Guðný Magnúsdóttir skúlptúr og veggmyndir úr leir. Þriðja sýningin er í Austurforsalnum. Þar sýnir Bragi Þ. Jósefsson ljósmyndir.

Sýningarnar voru allar opnaðar á laugardaginn og var mikið fjölmenni gesta sem mættu síðdegis á Kjarvalsstaði til að skoða íslenska list.



Myndlist er fyrir unga sem aldna. Sjálfsagt hafa þessi tvö börn verið meðal yngstu gesta.



Sýningargestir á Kjarvalsstöðum virða fyrir sér skúlptúra Guðnýjar Magnúsdóttur sem eru í Vesturforsalnum.

Maraþonkeppni í bocchia

Á laugardaginn var haldin maraþonkeppni í boccia á vegum Íþróttafélags fatlaðra í nýju íþróttahúsi þeirra að Hátúni 12. Var keppnin haldin til styrktar ferð Íþróttafélags fatlaðra á norrænt íþróttamót í Málmey 10.–11. febrúar, en þar urðu Íslendingar sigursælir í fyrra. Áætlað er að senda tuttuga manna hóp nú.



Tveir þátttakenda í maraþonkeppninni.

DV-mynd KAE

Ómar og Laddi í stuði

Er nokkur betri gulltrygging á skemmtiprógrammi en að hafa Ómar Ragnarsson og Þórhall Sigurðsson (Ladda) innanborðs.

Sjálfsagt eru þessir tveir gamanleikarar þekktustu og vinsælustu grínarar sem þjóðin hefur nokkurn tíma átt. Það er því góð skemmtun sem væntanlegir gestir í Súlnasal á Hótel Sögu eiga í vændum næstu helgar en þar er nú flutt skemmtiprógrammið Ómladí, Ómlada. Þar bjóða þeir félagar gestum í hressilega „sjóferð" þar sem stefnan er tekin á stanslaust fjör og haldið rakleitt suður til „Horrimolinos".

Frumsýning á skemmtiprógramminu var á laugardagskvöld og kunnu gestir vel að metra kímni þeirra félaga sem brugðu sér í allra kvikinda líki.




Ómar og Laddi höfðu nóg að gera við að skipta um gervi enda léku þeir bæði farþega og skipverja á ms. Sögu.



Gestir í Súlnasal skemmtu sér hið besta eins og sjá má á þessari mynd.

DV-myndir KAE



Þær eru orðnar margar persónurnar sem Laddi hefur skapað. Þessi hér er ný og kemur fram um borð í ms. Sögu.